

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður. Hinum skipaða talsmanni áfrýjanda fyrir yfirdómi verða eptir þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málflytningislaun. Að því málið hefur verið flutt með gjafsókn, vottast að rekstur þess hefur verið vitalaus.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 7/1898: Guðfinna Gísladóttir og Finnur  
Gíslason  
gegn

Skiptaráðandanum í dánarbúi Gísla heitins Þormóðssonar, sýslumanni Franz Siemsen fyrir hönd dánarbúsins, og Magnúsi Blöndal.

Dómur:

Eptir að erfingjarnir í dánarbúi Gísla heitins Þormóðssonar — en meðal þeirra eru áfrýjendurnir og hinn stefndi Magnús kaupmaður Blöndal fyrir hönd konu sinnar — höfðu á skiptafundi, er haldinn var í búinu 28. febr. 1894, komið sjer saman um, hve mikið hver af erfingjunum — þar á meðal einnig Magnús Blöndal eða kona hans — skyldu teljast hafa fengið úr búinu upp í

arf sinn, og eptir að það einnig á hinum sama skiptafundi hafði verið ályktað af erfingjunum, að konu Magnúsar Blöndal skyldi reiknast kaup úr búinu 200 kr., sem dregnar voru þá þegar frá því, er talið var að þau hjón hefðu fengið upp í arf — kom fram krafa um það frá afrýjendunum á skiptafundi í búinu 30. sept. f. á., að ennfremur yrði dregið frá arfabluta Magnúsar Blöndal eða konu hans sem fyrir fram greitt upp í arf, kr. 134,47, er kvittun fannst fyrir að greiddar höfðu verið úr reikningi Gísla Þormóðssonar í lifanda lífi hans og eptir hans fyrirsögn upp í málskostnað í máli, er Magnús Blöndal átti í. Og í öðru lagi kröfðust afrýjendurnir þess, að kaupgreiðsla úr búinu til konu Magnúsar Blöndal, er ákveðin var á skiptafundinum 28. febr. 1894, fjelli niður, þar sem fengin var vitneskja um, að Gísli hafði, er erfingi þessi, kona Magnúsar Blöndal, giptist frá honum, fengið henni sparisjóðsbók með 200 kr. í, en þær 200 kr. ætluðu afrýjendurnir að hlyti að skodast sem greiddar upp í kaupið. Hinn stefndi Magnús Blöndal mótmælti þessum kröfum afrýjendanna og kvað þá skiptaráðandi upp úrskurð um ágreininginn 1. des. f. á., er tór í þá átt, að kröfur afrýjenda voru eigi teknar til greina.

Þessum úrskurði hafa afrýjendurnir nú skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 7. febr. þ. á., og hafa þeir krafizt þess, að úrskurðinum verði breytt þannig, að erfðahluti konu hins stefnda Magnúsar Blöndal færist niður um 334 kr. 47 a. og að stefndi Magnús Blöndal verði dæmdur til

að greiða áfrýjendunum málskostnað. Hinn stefndi Magnús Blöndal hefur aptur á móti krafizt, að úrskurðurinn og skiptin verði staðfest og áfrýjendurnir dæmdir til að greiða sjer málskostnað að skaðlausu. Af hálfu skiptaráðandans mætti enginn fyrir yfirdóminum.

Að því er snertir umræddar 134 kr. 47 a., er Gísli Þormóðsson ljét í lifanda lífi greiða fyrir tengdason sinn, hinn stefnda Magnús Blöndal, upp í kostnað í máli, er hann átti í, þá er engin sönnun fram komin fyrir því að tengdafaðir Magnúsar hafi ætlazt til eða viljað, að sú greiðsla yrði skoðuð sem fyrirframgreiðsla upp í arf dóttur sinnar, konu Magnúsar, og þótt kvittunin trá hlutadeigandi málaflutningsmanni fyrir greiðslunni fyndist í búinu eptir Gísla látinn, þá var eigi í því fölginn nein yfirlýsing um fyrirframborgun upp í arf, slik sem 10. gr. erfðatilskipunar 25. sept. 1850 tilskilur. Það var því rjett, að skiptaráðandi neitaði að draga hjer umrædda upphæð frá arfahluta stefnda. Um kaupkröfu konu stefnda í búid er þess áður getið, að hún var samþykkt af erfingjunum á skiptafundinum 28. febr. 1894, og þar sem ekkert er upplýst um að sparisjóðsbók sú, með 200 kr. í, sem hún meðtók af föður sínum, hafi átt að vera borgun á tjeðu kaupí. sem viðurkennt er að hún hafi átt heimting á, þá verður ályktun erfingjanna um kaupgreiðsluna úr búinu að standa óhöggud, og var því úrskurður skiptaráðanda einnig að því leyti rjettur. Það ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, að því leyti honum er áfrýjað.

Afrýjendunum ber að greiða stefnda Magnúsi Blöndal í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Skiptarjettarúrskurðurinn, að því leyti honum er áfrýjað, og skiptin, er á honum byggjast, eiga óröskuð að standa. Áfrýjendurnir Guðfinna Gísladóttir og Finnur Gíslason greiði stefnda Magnúsi kaupmanni Blöndal í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 15. ágústmánaðar.

Nr. 8/1898: Hreppsnefndirnar í Þingvalla- og Grafningshreppum  
gegn  
Eyjúlfi Guðmundssyni.

D ó m u r:

Mál þetta er í hjerði höfðað af áfrýjendunum, hreppsnefndunum í Þingvallahreppi og Grafningshreppi gegn hinum stefnda Eyjúlfi Guðmundssyni til greiðslu á vinnukonukaupi stúlkunnar Margrjetar Þorleifsdóttur fyrir 12 ár, sem talið var 120 kr., en með dómi aukarjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 21. ágústm. f. á., lauk málinu svo, að Eyjúlfur Guðmundsson var dæmdur sýkn fyrir krötum hreppsnefndanna og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hafa hreppsnefndir Þingvallahrepps og Grafningshrepps